



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

bogi@dalir.is  
Fw: Deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey  
Sent: 10/05/2016 11:49:30 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016040007, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2016040007  
Sæll Bogi,

Vísað er til bréfs frá Reykhólahrepp, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara þessu erindi.

Náttúrufræðistofnun á fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd en nefndin tók framangreint mál fyrir á fundi sínum þann 28. apríl sl. og samþykkti eftirfarandi bókun:

**„Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd með þeim fyrirvara að hægt verði að nýta það grjót sem til fellur vegna framkvæmdarinnar. Ef opna þarf grjótnámur annars staðar á verndarsvæðinu, þarf að leggja það mál sérstaklega fyrir nefndina.

Jafnframt telur nefndin mikilvægt að farið verði að skilmálum varðandi fornleifar sem fram koma í greinargerð deiliskipulagsins. Nefndin leggur einnig til að óskað verði eftir umsögn Minjastofnunar Íslands í ljósi þess að nú liggja fyrir nýjar upplýsingar um fornleifaskráningar í Flatey. "

Náttúrufræðistofnun tekur undir bókun nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



## Bréf

---

### Deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey

Málsnúmer: 2016040007

Númer skjals:

Skráð: 7. apríl 2016

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

#### Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

#### Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Fyrirtæki: Reykhólahreppur  
Nafn: Bogi Kristinsson Magnusen

Deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey.

Viðhengi:



- 20160407143308770.tif



- 20160407143416517.tif